




RANGÁRÞING YTRA

AÐALSKIPULAG 2016-2028

Lýsing



STEINSHOLT

18. apríl 2016

DRÖG

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Áherslur við gerð aðalskipulags	3
1.2	Greinargerð og uppdrættir	3
1.3	Breytingar aðalskipulagi	3
2	FORSENDUR OG GAGNASÖFNUN	3
2.1	Staðhættir	4
2.2	Íbúápróun	5
2.3	Atvinna	5
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
4	ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR	5
4.1	Megináherslur við endurskoðun aðalskipulags	6
4.2	Stefnumörkun Aðalskipulags	6
5	UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	7
5.1	Matsskyldir þættir	7
5.2	Umhverfisþættir	8
6	SKIPULAGSFERLIÐ	8
6.1	Lýsing	8
6.2	Nýtt aðalskipulag og umhverfisskýrsla	8
6.3	Auglýsing aðalskipulags	8
6.4	Afgreiðsla aðalskipulags	9
7	SAMRÁÐ OG KYNNING	9
7.1	Kynning fyrir almenning og hagsmunaaðila	9
8	TÍMASETT VERKÁÆTLUN	10
9	HEIMILDIR	11
	VIÐAUKI I	12

1 INNGANGUR

Sveitarstjórn Rangárþing ytra hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulag sveitarfélagsins. Gildandi aðalskipulag var staðfest þann 2. febrúar 2011 með auglýsingu í B-stjórnartíðindum.

Uppfært aðalskipulag verður sett fram í samræmi við ný skipulagslög og skipulagsreglugerð og því þarf að breyta framsetningu gagna nokkuð. Landnotkunarflokkum er fjölgað og skilgreiningu breytt að einhverju leyti. Ný landsskipulagsstefna hefur tekið gildi og samhliða því fellur út Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 sem takmarkað hefur nauðsynlega uppbyggingu á hálandishluta sveitarfélagsins.

1.1 ÁHERSLUR VIÐ GERÐ AÐALSKIPULAGS

Þættir sem kalla á gerð aðalskipulags, að mati sveitarstjórnar, eru m.a. að marka skýrari stefnu um atvinnuuppbyggingu, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu, landbúnað og orkunýtingu. Þá þarf að endurskoða stefnu varðandi íbúðar- og frístundabyggð, fjarskipti og verndarsvæði. Þá tóku ný skipulagslög nr. 123/2010 gildi við lok vinnslutíma gildandi aðalskipulags.

Í kafla 4 er fjallað nána um markmið sveitarstjórnar og helstu leiðir að þeim.

1.2 GREINARGERÐ OG UPÐRÆTTIR

Stefna aðalskipulagsins verður birt í greinargerð, ásamt þeim forsendum sem liggja til grundvallar við gerð aðalskipulagsins. Þá verður unnin umhverfisskýrsla í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum áætlaða nr. 105/2006.

Sveitarfélagsuppdráttur fyrir Rangárþing ytra verður í mælikvarðanum 1:50.000. Þéttbýlisuppdrættir fyrir Hellu og Þykkvabæ verða í mælikvarðanum 1: 10.000. Uppdrættir af hálandinu verða í mælikvarðanum 1:100.000 þar sem landnotkun þar er fremur einsleit.

Þá verða ákveðnir þættir aðalskipulagsins settir fram á skýringaruppdráttum s.s. samgöngur, verndarsvæði, íbúðar- og frístundabyggð og landbúnaður.

1.3 BREYTINGAR AÐALSKIPULAGI

Á gildistíma núverandi aðalskipulags, sem staðfest var í febrúar 2011, hafa verið staðfestar 17 breytingar. Helstu breytingar snúa að breytingu á landbúnaðarsvæðum og þá helst yfir í frístundasvæði eða iðnaðarsvæði. Einnig hafa verið settar inn nýjar námur vegna vegagerðar og gerðar breytingar vegna raflína. Á Hellu hafa verið gerðar breytingar á vegum og einnig á þjónustusvæðum sunnan Suðurlandsvegar.

Þá eru í ferli breytingar, annars vegar á Hellu vegna þjónustusvæðis sunnan Suðurlandsvegar og hins vegar endurskoðun vatnsverndar við Helluvað og í Hekluhraunum.

Nýtt aðalskipulag er unnið skv. nýjum skipulagslögum nr. 123/2010 sem hafa tekið gildi, ásamt nýrri skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og eru því talsverðar breytingar á framsetningu gagna. M.a. hefur landnotkunarflokkum fjölgað allverulega auk þess sem útlit og framsetning hefur breyst nokkuð.

2 FORSENDUR OG GAGNASÖFNUN

Í aðalskipulaginu verður gerð grein fyrir staðhættum í sveitarfélaginu og sérstöðu svæða, ásamt því að fjallað verður um forsendur fyrir stefnumörkuninni. Þeir forsendukaflar sem verða uppfærðir eru eftirtaldir:

- **Staðhættir;** grunnvatn og lindarsvæði, veðurfar, landgræðsla og skógrækt, veiði og minjar. Þá verður fjallað um náttúruvá, m.a. með tilliti til mögulegs hamfarahlaps annars vegar vegna eldgoss í Bárðarbungu og hins vegar vegna eldgoss í Kötlu. Loks verður aflagð nýrra upplýsinga um veiði í ám. Upplýsingar verða fengnar m.a. frá Veðurstofunni, Suðurlandskógum og ríkislögreglu-stjóra.

- **Íbúar, atvinna og byggðaþróun.** Fjallað verður um mannfjöldaþróun, atvinnumál, opinbera þjónustu og samstarfsverkefni sveitarfélaga. Notaðar verða heimildir frá Hagstofunni um mannfjöldaþróun og atvinnumál. Á heimasíðu sveitarfélagsins má finna upplýsingar um opinbera þjónustu og samstarfsverkefni sveitarfélaga.
- **Verndarsvæði og minjar.** Fjallað verður um svæði á náttúruminjaskrá, hverfisverndarsvæði, vatnsverndarsvæði og fornminjar. Hjá Umhverfisstofnun má finna upplýsingar um verndarsvæði og einnig í gildandi aðalskipulagi. Þá er skráningu fornminja nýlukið í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er eitt vatnsríkasta sveitarfélag landsins og áhersla er á verndun grunnvatns með nánari kortlagningu grunnvatnssvæða, vatnsgæða og frekari útfærslu vatnsverndarsvæða.
- **Ferðaþjónusta og framtíðarmöguleikar.** Fjallað verður um stöðu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu s.s. umferð og fjöldi ferðafólks um svæðið, gisting, samgöngur og aðra aðstöðu innan sveitarfélags. Hvað hefur svæðið upp á að bjóða í afþreyingu og annarri aðstöðu, m.a. horft til kortlagningar á auðlindum ferðaþjónustunnar sem unnin var af Ferðamálastofu 2013. Stefna sveitarstjórnar hefur verið sett fram í Rammaskipulagi Suðurrhálandis en megináhersla verður á möguleika og stöðu ferðaþjónustu í byggðahluta sveitarfélagsins. **Horft verði til fjölgunar afþreyingarmöguleika í byggð, m.a. á strandsvæðum.**
- **Samgöngur.** Áhersla verður á göngu-, reið- og hjólaleiðir á láglandi sveitarfélagsins og m.a. horft til leiða sem nýta má allt árið. Einnig verður skoðað sérstaklega umferðarskipulag í þéttbýlinu á Hellu, með áherslu á miðsvæðið. Suðurlandsveg og tengingar við hann.

Gert er ráð fyrir að afla þurfi nýrra upplýsinga um flesta ofantalda þætti. Jafnframt verður kallað eftir hugmyndum íbúa og almennings, m.a. með kynningum og opnu húsi.

2.1 STAÐHÆTTIR

Rangárþing ytra er í vestanverðri Rangárvallasýslu og varð til árið 2002 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Þessi sveitarfélög eru Holtahreppur, Landhreppur, Djúparhreppur og Rangárvallahreppur.

Sveitarfélagið liggur í stórum dráttum á milli Þjórsár í vestri og Eystri Rangár/Hólsár austan megin og fram í sjó. Sveitarfélagið liggur að Ásahreppi og Skeiða- og Gnúhverjahreppi að vestan og Skaftárhreppi og Rangárþingi eystra í austri.

Landið er lágland og flatland syðst og austast, alveg inn að hálandisbrúninni en vestan til einkenna ásar og holt landslagið. Ræktunarskilyrði eru því víða mjög góð en þó er jörð nokkuð sendin og þurr, sérstaklega syðst og á austurlutanum. Sveitarfélagið er alls um 3.200 km².

Tveir afréttir tilheyra sveitarfélaginu; Landmannaafreittur og Rangárvallaafreittur.

Nokkrir mjög fjölsóttir ferðamannaðaír eru á hálendinu og má þar nefna Landmannalaugar, Veiðivötn, Hrafninnusker og Laugaveginn.

Í gildi er Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 – 2022 sem var staðfest í janúar 2011. Nýtt aðalskipulag verður unnið á grunni gildandi skipulags.




Lýsing þessi er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeirri nálgun og þeim áherslum sem lagðar verða til í skipulagsvinnunni og hvernig staðið verður að samráði og kynningu á tillögunni. Vinna við stefnumörkun aðalskipulagsins hófst í ársbyrjun 2016.

2.2 ÍBÚAÞRÓUN

Íbúar sveitarfélagsins voru 1548 í ársbyrjun 2016 og býr um helmingur þeirra á Hellu. Tveir þéttbýlisstaðir eru skilgreindir í sveitarfélaginu, Hella og Þykkvibær. Einnig eru nokkrir byggðakjarnar og þeirra helstir eru Rauðalækur, Gunnarsholt og Laugaland.

Íbúum í Rangárþingi ytra hefur fjölgað undanfarin ár og flestir urðu þeir árið 2009 en þá bjuggu 1604 íbúar í sveitarfélaginu. Íbúar í Rangárþingi ytra voru 1548 1. janúar 2015 og þar af bjuggu 841 á Hellu, eða um 54%.



Mynd 1. Íbúafjöldi í Rangárþingi ytra frá 2003-2015. Spá um íbúafjölda miðast við mannfjöldaspá Hagstofunnar. (Hagstofa Íslands 2016).

2.3 ATVINNA

Mjög torsótt er að fá gögn um atvinnumál á grunni sveitarfélaga og því er nær ómögulegt er að fá heildamynd af skiptingu atvinnu eftir greinum innan sveitarfélagsins eða fjölda starfa í einstökum greinum. Þó liggur fyrir að landbúnaður og ferðaþjónusta eru öflugar atvinnugreinar innan sveitarfélagsins en auk þess er nokkuð fjölbreytt iðnaðarstarfsemi, aðallega í matvælaframleiðslu og glervinnslu. Þá er verslunar og þjónustustarfsemi öflug, sérstaklega á Hellu.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af lögum og reglugerðum, gildandi aðalskipulagi nágrennasveitarfélaga og öðrum stefnumarkandi skjölum stjórnvalda. Nánar er gerð grein fyrir helstu stefnumiðum sem horft er til í Viðauka I.

4 ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi. Nýtt aðalskipulag skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu lands, m.a. til akuryrkju, vatnsverndar og náttúrverndar. Gert er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta eflist enn frekar og áhersla á stefnu í orkuöflun, sérstaklega með tillit til vindorku og smávirkjana. Þá verður gert ráð fyrir endurskoðun þéttbýlis á Hellu með áherslu á verslunar- og þjónustustarfsemi og miðsækna starfsemi.

4.1 MEGINÁHERSLUR VIÐ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS

Ljóst er að ásókn eykst í að nýta land annars vegar til ýmis konar afþreyingar- og þjónustustarfsemi í tengslum við aukin fjölda ferðafólks og hins vegar til orkunýtingar, yfirleitt miðlungs eða smávirkjana. Þá er ávalt nokkur ásókn í land til íbúðar- eða frístundabygginga. Megináhersla sveitarstjórnar verður lögð á endurskoðun stefnu sem varða:

- Byggingar íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarlandi bújarða auk annarra stakra framkvæmda s.s. smávirkjana, fjarskiptamastra o.fl.
- Ferðapjónustu og ferðamannastaði m.a. með tilliti til samgangna og fjölgunar afþreyingarmöguleika á svæðinu.
- Samgöngur, m.a. að göngu- reið- og hjólaleiðir styrki byggð og ferðapjónustumöguleika.
- Atvinnustarfsemi, m.a. hvernig orkunýting og vinnsla samræmist sem best annarri starfsemi og byggð á svæðinu.
- Verndarsvæði, m.a. yfirfara afmörkun og skilmála verndarsvæða með tilliti til vatnsverndar og hverfisverndar vegna náttúrufars og minja.
- Á hálandissvæði sveitarfélagsins hefur verið mótuð stefna í samvinnu við nágrannasveitarfélög sem sett er fram í Rammaskipulagi Suðrhálendis sem yfirfærð verður yfir í endurskoðað aðalskipulag.

Við endurskoðun aðalskipulags varðandi landnotkun á Hellu verður megináhersla á:

- Landnotkun á miðsvæði Hellu og atvinnusvæði sunnan Suðurlandsveggar.
- Íbúðasvæði og þjónustusvæði við Lund og skólana á Hellu.
- Umferðafæði, m.a. um miðsvæðið og tengingar við Suðurlandsveg.

4.2 STEFNUMÖRKUN AÐALSKIPULAGS

Skipulagið verður í meginráttum byggt á gildandi aðalskipulagi og annarri stefnumörkun sveitarfélagsins, auk þess sem tekið verður mið af nýjum lögum og reglugerðum og horft til nýsamþykks landsskipulags. Við endurskoðunina verður einkum horft til eftirfarandi þátta:

Landnotkun	Markmið	Mögulegar leiðir
Landbúnaðarsvæði	Stuðla að hagkvæmri þróun landbúnaðar. Marka stefnu um byggingar og atvinnusköpun á landbúnaðarsvæðum.	Skilgreina byggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum. Skilgreina hliðarstarfsemi (aukabúgreinar) sem eru heimil á landbúnaðarsvæðum og byggingarmagn þeim tengt.
Íbúðar- og frístundasvæði	Efla byggð á svæðinu m.a. með betri samgöngum og fjarskiptum.	Yfirfara núverandi svæði og skilgreina byggingarheimildir.
Atvinnusvæði	Efla atvinnulíf og bæta möguleika landeigenda til fjölbreyttrar landnýtingar. Stuðla að fleiri og fjölbreyttum atvinnutækifærum m.a. með nýsköpun.	Meta hugmyndir um ný verslunar- og þjónustusvæði, móta stefnu um vindrafstöðvar og litlar vatnsaflsvirkjanir og skoða möguleika til atvinnusköpunar almennt.
Ferðapjónusta	Gera grein fyrir helstu viðkomustöðum ferðamanna. Fjölga afþreyingarmöguleikum svo ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.	Stuðla að bættum möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum. Skoða möguleika á að tengja grænar samgöngur við áhugaverða staði og sögulegar minjar. Skilgreina möguleika og ónýtt tækifæri á sviði ferðapjónustu.
Orkunýting	Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda og marka stefnu um nýtingu þeirra, s.s. vindorku, jarðhita og vatnsaflsvirkjanir.	Efla nýtingu jarðhita með nýsköpun að markmiði. Allir íbúar eigi kost á hitaveitu.

Formatted: Not Highlight

		Móta stefnu um nýtingu vindorku.
Samgöngur	Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar.	Yfirfara núverandi legu vega og tenginga, legu hjóla-, göngu- og reiðleiða og hvort gert verði ráð fyrir breytingum eða nýjum leiðum.
Efnistöku-svæði	Lögð er áhersla á nægt framboð efnistöku-svæða og að efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.	Yfirfara efnistöku-svæði og meta þörf til næstu ára, m.a. með tilliti til uppbyggingar vega. Móta stefnu um efnistöku-svæði og tryggja skráningu þeirra og stöðu í skipulagi.
Fjarskipti	Stuðla að öflugri nettengingu fyrir alla íbúa með það að markmiði að styrkja innviði sveitarfélagsins og jafna lífskjör íbúanna á við það sem best gerist í þéttbýli.	Skoða möguleika á öflugum nettengingum s.s. ljósleiðara og góðu dreifikerfi annarra fjarskiptaleiða. Móta þarf stefnu um fjarskiptamöstur.
Vernd og umhverfi	Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja. Mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar, umgengi og raflýsingu.	Tryggja gott neysluvatn til framtíðar. Yfirfara afmörkun núverandi vatnsverndarsvæða og meta þörf á nýjum. Endurskoða ákvæði hverfisverndarsvæða og skoða hugmyndir um frekari verndun, s.s. stofnun Eldfjallabjórðgarðs á Fjallabaksvæðinu í samstarfi við nágrennsveitarfélög. Skilmálar varðandi vernd/endurheimt votlendis, getur haft mikil áhrif á nálægar jarðir.
Fornminjar	Stuðla að varðveislu minja, bæta upplýsingar um þær og gera aðgengilegar.	Huga að verndun þeirra og hvernig þær geti nýst t.d. í tengslum við ferðapjónustu.

Formatted: Not Highlight

Búast má við því að fleiri atriði komi til endurskoðunar eftir því sem verkinu miðar áfram.

5 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Einhverjir nýir þættir í aðalskipulagi Rangárbings ytra kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lög um umhverfismat áætlana nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015 og breytingu á henni 715/2015. Framkvæmdir sem falla í flokk A í ofangreindum reglugerðum eru matsskyldar og því þarf að meta umhverfisleg áhrif þeirra framkvæmda í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

5.1 MATSSKYLDIR ÞÆTTIR

Þar sem endurskoðun aðalskipulagsins er á byrjunarstigi er ekki ljóst hvaða áætlaðar framkvæmdir kunna að vera háðar umhverfismati áætlana. Eftirfarandi þættir sem fjallað verður um og kunna að falla undir lögin, verða metnir í umhverfisskýrslu aðalskipulags ef sýnt þykir að stefnt sé að breytingu þeirra frá gildandi skipulagi:

- Vindrafstöðvar / smávirkanir.
- Dreifkerfi raforku; Sprengisandslína/Byggðalína.
- Nýir/stækkaðar þjónustustaðir á hálendinu.
- Uppbygging hálendisvega.
- Hugmyndir um þjóðgarð á Fjallabaksvæðinu/Suðurhálendinu.

5.2 UMhverfisspættir

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum sem stefna aðalskipulagsins hefur á ákveðna umhverfisþætti. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í Viðauka I og II. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu. Á þessu stigi er ekki ljóst hvaða umhverfisþættir verða metnir við endurskoðun aðalskipulagsins, en þessir eru líklegir:

- **Náttúrufar;** dýralíf og gróður, vistfræði, andrúmsloft/vatn. Metið er hvort stefna skipulagsins hafi áhrif á náttúrfar svæðisins.
- **Samfélag;** efnahagur, atvinna, útivist, ferðamennska, byggð, landnotkun. Horft er til áhrifa á samfélagið í heild og hvort framkvæmd áætlunar komi til með að styrkja byggð og bæta lífsgæði íbúa á svæðinu.
- **Samgöngur;** vegir og brýr, hjóla-, reið- og gönguleiðir. Mun framkvæmd stefnunnar hafa áhrif á nýjar/núverandi leiðir.
- **Heilsa og öryggi;** mengun, náttúruvá, neysluvatn/mengun. Eykur stefna skipulagsins hættu á mengun stofnar hún til aukinnar áhættu fyrir íbúa/almening.
- **Minjar;** menningarminjar, náttúruminjar, verndarsvæði. Metið hvort minjum og verndarsvæðum stafi hætta af stefnu skipulagsins.

Skoðað verður hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa umhverfisþætti saman borið við stefnu gildandi skipulags, þ.e. núll kost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð verður hægt að bregðast við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

6 SKIPULAGSFERLIÐ

Vinna við nýtt aðalskipulag Rangárþings ytra skiptist í nokkra megin verkáfanga, sem eru í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í kafla 8 er sett fram tímasett verkáætlun.

6.1 LÝSING

Lýsingin er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Lýsingin verður kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun. Lýsingin kann, eftir því sem ábendingar og athugasemdir berast, að fjölga áhersluþáttum eða markmiðum við gerð aðalskipulags og kann þá einnig að hafa áhrif á stefnu skipulagsins og umhverfisskýrslu.

6.2 NÝTT AÐALSKIPULAG OG UMhverfisskýrsla

Aðalskipulag Rangárþings ytra er sett fram í greinargerð, þ.e. forsendur, umhverfisskýrsla og skipulagskilmálar og á uppdráttum. Gert er ráð fyrir íbúafundum í vinnsluferli tillögunnar en nánari ákvörðun um þá verður tekin síðar. Aðalskipulagið verður kynnt íbúum, aðliggjandi sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum áður en það verður tekið fyrir í sveitarstjórn.

Aðalskipulagið verður, eftir samþykkt þess í sveitarstjórn, sent Skipulagsstofnun til umsagnar áður en það verður auglýst í samræmi við 30. gr. skipulagslaga.

6.3 AUGLÝSING AÐALSKIPULAGS

Að fenginni heimild Skipulagsstofnunar verður aðalskipulagið auglýst og er frestur til að gera athugasemdir 6 vikur. Aðalskipulagið verður til sýnis hjá sveitarfélaginu, Skipulagsstofnun, á heimasíðu sveitarfélags og skipulagsráðgjafa.

6.4 AFGREIÐSLA AÐALSKIPULAGS

Að lokinni auglýsingu verður farið yfir athugasemdir og ákveðin viðbrögð við þeim. Ef tilefni er til verða gerðar breytingar á skipulagstillögunni.

Endanlegur frágangur aðalskipulagsins verður í samræmi við samþykkt svör og viðbrögð við athugasemdum og ábendingum umsagnaraðila. Aðalskipulagið og svör við athugasemdum verða lögð fram til endanlegrar samþykktar sveitarstjórnar.

Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verða send til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu með ósk um staðfestingu. Aðalskipulag Rangárbings ytra tekur gildi þegar staðfesting hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7 SAMRÁÐ OG KYNNING

Samráð og kynning fyrir almenning og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

7.1 KYNNING FYRIR ALMENNING OG HAGSMUNAAÐILA

Lýsingin verður kynnt almenningi og mun hún einnig verða kynnt á heimasíðu og liggja frammi hjá sveitarfélagi og skipulagsráðgjafa.

Aðalskipulagið mun verða kynnt á heimasíðu Rangárbings ytra og hjá skipulagsráðgjafa á vinnslutíma. Tillaga að aðalskipulagi og umhverfisskýrsla verða kynnt á almennum íbúafundi áður en sveitarstjórn tekur aðalskipulagið til fyrstu umræðu.

Lýsing aðalskipulagsins verður send til umsagnaraðila og þeim gefinn 4 vikna frestur til að koma með ábendingar og/eða athugasemdir við hana.

Helstu umsagnaraðilar vegna lýsingarinnar eru eftirtaldir:

- Forsætisráðuneyti
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa/Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Veiðimálastofnun/Fiskistofa
- Landgræðsla ríkisins / Hekluskógar
- Aðliggjandi sveitarfélög

8 TÍMASETT VERKÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að skipulagsvinnan taki yfir tæpleg tveggja ára tímabil. Helstu áfangar verkefnisins eru settir fram í eftirfarandi töflu.

ÁFANGAR	2016		2016 - 2017	2017	
	Febrúar – september	Mái – október	Október- mars	Apríl - júlí	Ágúst – desember
Áfangi I: Forvinna, skipulagslýsing og forsendur					
Gagnasöfnun					
Skipulagslýsing og kynning					
Skipulagsuppdættir uppfærðir					
Íbúafundur og samráð við hagsmunaaðila					
Áfangi II: Stefnumörkun – fyrstu drög					
Fyrstu drög skipulagshugmynda					
Umhverfisskýrsla og tillögugerð					
Hugmyndavinna og stefnumörkun					
Áfangi III: Tillaga að stefnumörkun – samþykkt í sveitarstjórn					
Umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og sveitarstjórn.					
Úrvinnsla og samráð við stýrihóp og hagsmunaaðila					
Skipulagstillaga frágengin, uppdættir og greinargerð.					
Áfangi IV: Kynning, auglýsing tillögu					
Kynning tillögu og umhverfisskýrslu					
Samþykkt í sveitarstjórn /yfirferð Skipulagsstofnunar					
Umsagnarferli					
Áfangi V: Afgreiðsla aðalskipulags					
Auglýsing tillögu og frágangur skipulagstillögu					
Afgreiðsla til Skipulagsstofnunar					
Staðfesting aðalskipulags					

Hellu 18. apríl 2016

Gísli Gíslason, landslagsarkitekt FÍLA

9 HEIMILDIR

Umhverfisráðuneytið 2007: Væferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2009-2013.

Skipulagsstofnun 2010. Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í umhverfismati. 8 bls.

Hagstofa Íslands, vefsíða, 2015. Íbúafjöldi í Rangárþingi ytra 2003-2016.

DRÖG

Helstu viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og alþjóða skuldbindingar sem lagðar eru til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdanna eru eftirfarandi:

Stefnumörkun	Lýsing
Lög	
Lög um umhverfismat áætla. nr. 105/2006	Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða (1.gr.)
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hægkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Tilgangur laga þessara skv. 1. gr. er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögini á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. gr. laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattænum umhverfisbreytingum. Lögini miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. gr eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands. Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: eldvörp, gervígigar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfítjar og leirur. <i>Óbyggð viðerni:</i> Svæði í óbyggðum, að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.
Lög um verndar- og orku-nýtingaráætlun nr. 48/2011	Markmið laganna skv. 1. gr. er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hægkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, leggur fram þingsályktun, eigi sjaldnar en á 4 ára fresti, um nýtingu landsvæða þar sem er að finna möguleika á vinnslu vatnsorku eða jarðvarma.
Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015	Markmið skv. 1. gr. er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að

	tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Reglugerðir	
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
Reglugerð um eldishús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015	Gr. 2. Sveitarstjórn tekur ákvarðanir um fjarlægðir með hliðsjón af ákvæðum reglugerðarinnar. Staðsetning eldishúsa skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og skipulagsreglugerð. Fjarlægðarmörk skulu ákvörðuð í skipulagsáætlunum að teknu tilliti til hugsanlegra umhverfisþátta og þeirra lágmarksfjarlægða sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Eldishús má aðeins byggja á svæðum sem skipulögð eru fyrir landbúnað, iðnað eða þar sem hefur verið mörkuð stefna í aðalskipulagi um staðsetningu eldishúsa. Við ákvörðun um staðsetningu annarra mannvirkja en eldishúsa, sem eru óháð búrekstri viðkomandi jarðar, svo sem atvinnuhúsnæðis, íbúðar- eða frístundahúsa, skal þess gætt að notkun þeirra geti farið saman við þá starfsemi sem er á viðkomandi stað.
Önnur stefnumörkun	
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Kafli 1, Heilnæmt andrúmsloft. Íbúar búi við heilnæmt andrúmsloft og loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki. Kafli 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og vötnum verði svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. Kafli 5, Útivist í sátt við náttúruna. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Kafli 6, Varnir gegn náttúruvá. Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá. Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá. Kafli 7, Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Kafli 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Kafli 9, Vernd víðerna. Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Kafli 11. Sjálfbær gróður- nýting og endurheimt landgæða. Auðlindir landsins í jarðvegi og gróðri verði nýttar á sjálfbæran hátt. Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols. Unnið verði að landgræðslu og hraðfara jarðvegseyðing stöðvuð. Nytjaskógar verði til að efla byggð og atvinnu og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins. Kafli 12. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa. Endurnýjanlegar orkuauðlindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Kafli 13. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs. Dreigið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu. Kafli 17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Öll nýting náttúrunnar fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir verði neikvæðum áhrifum á vistkerfi haldið í lágmarki.
Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.
Kerfisáætlun Landsnets 2015 – 2024	Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggji áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku.
Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022	Samráð verður haft við sveitarfélagið um landnotkun sem skarast yfir sveitarfélagamörk.

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012 - 2024	Samráð verður haft við sveitarfélagið um landnotkun sem skarast yfir sveitarfél-agamörk.
Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016	Samráð verður haft við sveitarfélagið um landnotkun sem skarast yfir sveitarfél-agamörk.
Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022	Samráð verður haft við sveitarfélagið um landnotkun sem skarast yfir sveitarfél-agamörk.
Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá	Í náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á grein-ingu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun verður tekið mið af náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá.
Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015	Gert er ráð fyrir að svæðisskipulagið verði felld úr gildi þegar landskipulagsstefna verður staðfest.
Samgönguáætlun 2011-2022 og þingsályktunartillaga fyrir árin 2011-2022	Áætlun gerir er ráð fyrir viðhaldi vegakerfis en áhersla á Hagabraut og Landevjaveg við Bakkabæi.
Verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011	Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, leggur fram þingsályktun, eigi sjaldnar en á 4 ára fresti, um nýtingu landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti sem byggja á langtímasjónarmiðum. Taka skal tillit til verndargildis náttúru, menningarminja, hagkvæmni, arðsemi og annarra þjóðhagslegra gilda þegar kostir eru metnir. Áætlunin tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Núgildandi áætlun var samþykkt á Alþingi 2013. Fyrir liggur niðurstaða 2. áfanga rammaáætlunar þar sem m.a. voru til umfjöllunar mögulegir virkjanakostir. Hvammsvirkjun er í nýtingarflokki en Urriðafossvirkjun kemur einnig til umfjöllunar í Rangárþingi ytra. Nú er unnið að 3. áfanga rammaáætlunar en þar eru mögulegir virkjanakostir í Rangárþingi ytra til umfjöllunar, þ.á.m. Torfajökull, Tungnaá og Þjórsá.
Landskipulagsstefna	Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 ber ráðherra að leggja fram landskipulagsstefnu innan 2 ára frá því að ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum. Landskipulagsstefna var samþykkt á Alþingi 16 mars 2016. Engin landskipulagsstefna er í gildi í dag.
Fjarskiptaáætlun 2011-2022	Stjórnvöld leggja fram á fjögurra ára fresti á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum.
Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbyggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að létta álagi af svæðum. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Bæta þarf uppbyggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.
Samningar	
Ramsar samningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammamarkmið SP um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.

Bernar- samningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.
---	---

DRÖG